

Miðvikudaginn 2. maí 1928.

Nr. 18/1928.

Valdstjórnin (B. Þ. Johnson)

gegn

Hinrik Thorarensen (L. Fjeldsted).

Ólögleg afgreiðsla læknis á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðar 8. des. 1927: Kærður, Hinrik Thorarensen, læknir, Siglufirði, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð og allan löglegan kostnað af máli þessu, en sje að öðru leyti sýkn af frekari kröfum valdstjórnarinnar í þessu máli.

Ef hin ídæmda sekt greiðist eigi innan mánaðar frá lög-birtingu dóms þessa, komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Gegn eindreginni neitun kærða þykir það ekki sannað í máli þessu, að hann hafi látið af hendi kognak það, er ræðir um í málinu, án þess að full-vissa sig um þörf beiðanda á því til lækninga. Hins-vegar hefir kærði vanrækt að rita fyrirsögn um not-kunina á ilát áfengisins og vanrækt að halda eyðslu-bók um áfengi og vín, er hann hefir látið úti.

Með þessu hefir hann brotið ákvæði 3. gr., síð-asta lið og 4. gr. b. í reglugjörð um sölu áfengis til lækninga nr. 59, 1. júlí 1925, og þykir refsingin fyrir brot þessi hæfilega ákveðin af undirdómaranum sam-kvæmt 17. gr. laga nr. 15 um aðflutningsbann á áfengi 8. júní 1925, 500 kr. sekt í ríkissjóð. Þar sem einnig má samþykkja ákvæði dómsins um vararefsinguna og málskostnað ber að samþykkja hann.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað og telst greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hinrik Thorarensen, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnsson og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Hinrik Thorarensen lækni, Siglufirði, fyrir að hafa gerst brotlegur gegn lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 15, frá 8. júní 1925, og reglugjörð um sölu áfengis til lækninga, nr. 59, frá 1. júlí 1925, með því að hafa selt hálfflösku af cognac til þriggja nafngreindra manna, og hvorki skrifað notkunarforskrift á áfengisilátið, nje haldið eyðslubók yfir útilátið áfengi.

Kærður viðurkennir að hafa látið umrætt áfengi til 3ja nafngreindra manna, hálfflösku af cognac til hvers, en að hann hafi látið áfengið, sem læknislyf og að hann að því leyti hafi alls ekki gerst brotlegur gegn lögum nr. 15/1925 um aðflutningsbann á áfengi, þar eð hann áður hafi fullvissað sig um þörf þeirra á áfenginu sem læknislyf.

Áfengið ljet læk'nirinn úti þannig að aðeins hann sjálfur, og sá, sem áfengið fjeck voru viðstaddir í hvert skifti. Tveir af þessum mönnum hafa borið að ekkert hafi verið talað um að áfengið væri látið sem læk'nislyf, nje talað um sjúkdóma í því sambandi við afhending áfengisins, og einn þeirra kveður læk'nirinn hafa verið eitthvað að segja, er hann hafi ekki skilið. Enda þótt að framburður þessara manna bendi á með nokkrum likum að áfengið hafi ekki verið látið af hendi sem læk'nislyf, þá verður slíkt 'gegn eindregnum mótmælum og neitnunum kærðs, sem fyrir rjettinum hefir gefið rökstuddar skýrslur um ástæður þær, er hafi verið fyrir hendi fyrir því að menn þessir fengu úti látið áfengi, sem læk'nislyf, ekki

talið sannað og ber því að sýkna kærðan af kærðu valdstjórnarinnar að þessu leyti.

Hinsvegar hefir kærður játað fyrir rjettinum að hafa ekki látið forskrift á áfengisilátið um notkun áfengisins, sem lyfs og að hafa ekki haldið eyðslubók yfir úti látið áfengi, að því er fyrri atriðið snertir færir kærður sjer til afsökunar, að hann sje ekki vanur að skrifa notkunarreglur á meðalaíllátið, þótt um önnur meðul sje að ræða — að undanteknu eitri — heldur segi hann þeim, er meðalið fái, hvernig nota skuli meðalið.

Þessa afsökun er þó ekki hægt að taka til greina. Með tjeðri reglugjörð nr. 59/1925, 3. gr. síðasta lið, er fyrirskipað, að á ílát hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi eftir lyfseðli skuli jafnan rita sjálfa forskriftina, og full lögjöfnun er fyrir hendi til þess að telja slíkt skylt, þótt áfengið sje úti látið af lækni án lyfseðils, af því að hlutaðeigandi læknir hafi leyfi til sjálfur að láta lyf af hendi. Er þetta því brot á tjeðri grein reglugjörðarinnar. Þá er það og auðsætt, að kærður hefir brotið 4. gr. b. tjeðrar reglugjörðar með því að halda ekki eyðslubók yfir úti látið áfengi.

Kærður hefir áður eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera.

Brot kærðs heyrir að álit dómars undir reglugjörð um sölu áfengis til lækninga, nr. 59, frá 1. júlí 1925, 3. gr. síðasta lið og 4. gr. b., sbr. 17. gr. laga um aðflutningsbann nr. 15/1925, að því er snertir refsingar fyrir brot á sjálfri reglugjörðinni og álist sektin hæfilega ákveðin 500 kr., er greiðist í ríkissjóð, en verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 25 daga einfalt fangelsi. Svo greiði og kærður allan af máli þessu löglega leiddan kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið og meðferð þess vitalaus.

